

## Breyting á lögum um tekjuskatt er varðar skattlagningu arðs



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Í desember 2009 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt sem m.a. fela í sér breytingu á skattlagningu arðs sem úthlutað er á árinu 2010 og síðar hjá ákveðnum aðilum. Breytingin er svo hljóðandi :

*Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutaðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.*

Ýmsar spurningar hafa vaknað varðandi þessa breytingu og verður nokkrum þeirra varpað fram hér að neðan :

### **Þarf að greiða tryggingagjald vegna þess hluta arðsins sem flokkaður verður sem laun ?**

Já. Það er skýr vilji löggjafans að greiða skuli tryggingagjald af þeim hluta, enda er um það rætt í greinargerð sem fylgir frumvarpinu. Ríkisskattstjóri hefur staðfest að þessi hluti er tryggingagjaldsskyldur.

### **Þarf að greiða framlag í lífeyrissjóð vegna þess hluta arðsins sem flokkaður verður sem laun ?**

Já. Ríkisskattstjóri hefur staðfest að sá hluti arðs sem telst vera laun skuli fara með á sama hátt og önnur laun sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003.

### **Eru þessar greiðslur í lífeyrissjóð og tryggingagjald frádráttarbær rekstrarkostnaður ?**

Já.

### **Verður sá hluti arðsins sem flokkaður verður sem laun frádráttarbær rekstrarkostnaður ?**

Já. Ríkisskattstjóri hefur staðfest að svo sé.

### **Hvaða aðilar teljast falla undir þessa grein ?**

Þeim aðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. Það teljast vera aðilar sem **vinna** við atvinnurekstur lögaðila og eru ráðandi aðilar vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. Þessi skilgreining er tekin úr reglum RSK um reiknað endurgjald sem settar eru á grundvelli 3. másl. 1. mgr. 58 gr. laga nr. 90/2003. Hér er víðtækari túlkun á ferðinni en skv. orðalagi 58. gr. laganna enda er þar hvergi minnst á „samstarfsmenn“

Ríkisskattstjóri hefur boðað að birt verði á vefsíðu embættisins umfjöllun um hvaða aðilar falla undir greinina en hefur ekki tímasett hvenær sú umfjöllun muni birtast.

**Hugleiðingar um skattlagningu arðs við slit á félagi og lækkun hlutafjár.**

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 90/2003 telst úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð hlutafjár til arðs svo og lækkun hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, umfram kaupverð. Ekki verður séð að hér sé um að ræða úthlutaðan arð samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og vaknar því upp sú spurning hvort skattlagning þessara fjárhæða verði ekki óbreytt og án tengingar við launaskattlagningu. Um þetta ríkir óvissa meðan ekki er hægt að styðjast við dómafordæmi, úrskurði eða túlkanir skattyfirvalda.

15. febrúar 2010

**Skattanefnd Félags löggiltra endurskoðenda.**